

Ályktun samþykkt á aðalfundi Nýrnafélagsins 2. maí 2023.

Helsta orsök nýrnabilunar á Íslandi er of hár ómeðhöndlaður blóðþrýstingur sem veldur auk þess mörgum öðrum alvarlegum sjúkdómum.

Nýrnafélagið skorar á heilbrigðisyfirvöld að hefja vitundarvakningu meðal heilbrigðisstarfsmanna til að tryggja að blóðþrýstingur sé ávallt mældur í öllum læknisheimsóknum í heilbrigðiskerfinu öllu.

Mæling á blóðþrýstingi er einföld og ódýr framkvæmd en því miður hafa margir einstaklingar verið með vangreindan háan blóðþrýsting í langan tíma sem endar með nýrnabilun.

Tökum á málinu og útrýmum vangreindum háum blóðþrýstingi.